

XX. TVÍPUNKTUR

115

Tvípunktur er settur á undan beinni ræðu eða beinni tilvitnun ef á undan fara inngangsorð.

Jón hugsaði sig um stundarkorn og sagði svo: „Jú, þetta er rétt hjá þér.“
Í ritgerðinni stendur: „Bústaðurinn er frá 12. öld.“

Tvípunktur er settur á undan upptalningu eða skýringu á eftir setningu sem væri málfræðilega sjálfstæð málsgrein þótt upptalningunni eða skýringunni væri sleppt.

Loks var þetta ákveðið: Óskað verður eftir nauðasamningum hið fyrsta.

116

Notaður er upphafsstafur á eftir tvípunkti ef um er að ræða fullkomna sjálfstæða málsgrein eða sérnafn.

Loks var þetta ákveðið: Óskað verður eftir nauðasamningum hið fyrsta.

Hún fór til þriggja landa: Noregs, Ítalíu og Frakklands.

Annars er val um lítinn eða stóran staf. Fremur er mælt með rithætti með litlum staf.

Hann er seinheppinn eins og fyrri daginn: missir af flugvélinni og tefst í þrjá daga.
Hann er seinheppinn eins og fyrri daginn: Missir af flugvélinni og tefst í þrjá daga.

Hún keypti þrenns konar ávexti: banana, epli og appelsínur.
Hún keypti þrenns konar ávexti: Banana, epli og appelsínur.

Hún hefur heimsótt þrjá ættingja erlendis: ömmu sína, bróður sinn og frænda.
Hún hefur heimsótt þrjá ættingja erlendis: Ömmu sína, bróður sinn og frænda.

117

Tvípunkt má einnig nota til að tákna mælikvarða, aðgreina ártal og blaðsíðutal heimildar, birta tíma, úrslit o.fl.

1:250.000
2004:43
Kl. 2:45
Leikurinn fór 84:78

118

Ef tvípunktur er notaður á eftir skammstöfun er hann settur næst á eftir punkti skammstöfunarinnar.

Upphæðin leggist inn á bankareikning nr.: